

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Larsenstræti 6, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 13. apríl 2023, tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Larsenstræti 6.

Breytingin felur í sér að lóðirnar nr. 4, 6, 8, 10, 12 og 14 verði sameinaðar í eina lóð, og að nýtingarhlutfall sameinaðra lóða verði 0,33. Aðkoma að lóðunum verði sem fyrr frá Larsenstræti en einnig verði gert ráð fyrir aðgangsstýrðri aðkomu að sameinaðri lóð frá Gaulverjabæjarvegi. Sú tenging er einungis hugsuð fyrir þungaflutninga og stórar flutningabifreiðar og ekki ætluð almennri umferð. Tillagan var samþykkt í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og auglýst í samræmi við 41. gr. sömu laga. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma, og var niðurstaða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar auglýst 17. maí 2023 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreind skipulagstillaga hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 1. júní 2023.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. júní 2023